

Nd.

646. Frumvarp til laga

[66. mál]

um leigubifreiðar í kaupstöðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarféлага bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn er enn fremur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og samþykki dómsmálaráðuneytisins, heimilt að takmarka fjölda vörubifreiða í Reykjavík. Dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um slíka takmörkun.

Strætisvagnar og sérleyfisbifreiðar falla ekki undir ákvæði þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.